

Bæjarráð Vesturbyggðar ásamt sveitastjóra og sent á bæjarstjórn fyrir fund haldið 21.febr.

Erindi varðandi óvandaðrar áhvarðana á máli nr. 7. F212-3118 - boð um að nýta forkaupsrétt á Bæjarráð #977

Þar sem Jakob Pálsson óskar eftir að Vesturbyggð afsali sér forkaupsrétti sem Vesturbyggð á á umræddu bili fasteign F212-3118. Og hann segir að við höfum ekki viljað bjóða honum borgun fyrir það leiðréttist hér með skýringum okkar.

Til áréttingar saga þessa máls til að þið skiljið okkar mál í þessu þar sem það lá ekki fyrir nefdarmönnum á þessum fundi sem tóku þarafleiðandi óupplýsta ákvörðun.

Við skulum byrja á byrjuninni þannig var að Þórður og Jakob unnu saman við vinnslu á Brjánslæk þar sem hrefnan var unninn og síðar rækja, þegar það varð gjaldþrotta urðu þeir ungir menn með fjölskyldur atvinnulausi, first fóru þeir í vinnu á Patró hjá orkubúinu, tíminn sem þeir keyrðu á Patró hugsuðu þeir um hvernig þeir gætu gert sér vinnu heimavið.

Umrædd bil var þá í eigu Heimis Ingvasonar og Árna á Krossi sem höfðu notað það í grásleppuverkun en voru hættir að nota þetta húsnæði og var það keypt af þeim, virtur forkaupsréttur beggja aðila semsagt Árna og Heimir við þau kaup árið 2000.

Þar hófu Þórður og Jakob að salta gellur og þurka hausa. Það gekk það vel og þeir stofnuðu Gellur og Kinnar sem sá um reksturinn. Síðan keypti Gellur og Kinnar húsið á Brjánslæk undir þurrkun á hausum. Klofningur kemur síðan inn í þann rekstur. Kaupir Guðni Einarson hlut Jakobs í Gellum og Kinnum 2006 og telur sig vera að kaupa hans hlut í umræddu bili en þar sem sá gjörningur virðist ekki finnast skjalfestur og Jakob stendur á því að svo hafi ekki verði. Enda enn þinglýstur eigandi 50% af þessu bili.

Saga bilsins um tíma var ekki verið að nota það mikið þegar rekstur Gella og Kinna var kominn inneftir á Brjánslæk. Hófum við Þórður að vinna grásleppuhrogn þar 2008 til 2011. Árið 2011 stofnum við Þórður fyrirtækið Móra ehf og undir því er vinnslan í umræddu bili nú sem kjötverkun ásamt að ferðaþjónustu á Krossholtum er rekin undir Móru ehf.

Þar sem Jakob taldi sig ekki hafa þörf á bilinu bað hann Þórð að sjá um að borga sinn hlut af fasteignargjöld. Sem Þórður hefur gert í meir en 10 ár. Ásamt öllum gjöldum og viðhaldi á þessu bili.

Okkar hlið var send til bæjarstjórnar með bréfi frá lögfræðingi varðandi ósk okkar að Vesturbyggð héldi forkaupsrétti sínum og nýtti sér hann til að okkur gæfist tækifæri að kaupa hlut Jakobs.

Á þeim forsendum að við værum með rekstur í umræddu bili og búsett í sveitarfélaginu og okkar rekstur væri stefnt í hættu með þessari sölu af hans hálfu þar sem hann braut á okkar rétti með því að bjóða okkur hann ekki til sölu áður en hann gerði kaupsamning við annan aðila.

Okkar innileg ósk er að sveitafálgið leiðrétti þessi misstök sín að afsala sér forkaupsrétti með svona fljótfærnislegan hátt með fundarmönnum óupplýstum um allar hliðar málsins sem ég komst að eftir símtal við eina þeira sem var á umræddum fundi.

Þegar um aðeins 50%hlutur á sameign er nauðsynlegt að heyra í hinum eiganda að sömu eign áður en ákvörðun er tekin.

Með þessum skrifum erum við að upplýsa ónæju okkar og koma ljósi á sögu og afstöðu okkar í þessu máli.

Eins getum við ekki séð hversvegna sveitafélagið gat ekki hjálpað okkur í þessu þar sem við búum í sveitafélaginu og með fyrirtæki á svæðinu, höfum borgað allt sem ber varðandi þetta bil ásamt öllu öðru.

En Jakob er fluttur úr sveitafélaginu er með þessari sölu að bjóta á rétti okkar þar sem hann hafði ekki samband við okkur áður en þessi gjörningur (sölusamningur) var gerður.

Þetta tilistleysi og fljótfærni af hálfu sveitarfélagsins getur orðið til að við hættum okkar sarfsemi.

Árið 2020 fór ég með afsal til Jakobs því að minni bestu vitund var búið að fara fram greiðsla varðandi bilið þegar Jakob seldi sinn hluta í Gellum og Kinna ehf. Hann neitaði en án nánari skýringar á því við mig. Þetta kom flatt uppá mig þar sem vittneskja mín á þessu máli var þá önnur en hann hafið. Þetta er í eina skipti sem hann gæti talið að við höfum boðið honum Okr. fyrir einginga.

Um leið og okkur var ljóst að hann var að gera sölusamning hafði Þórður samband og bauð honum hærra en vildi hann ekki taka því.

Síðan höfum við boðið honum sáttatilögu að þessu en hann neitað því með öllu.

Virðingarfylst

Silja Björg Ísafoldardóttir og Þórður Sveinsson

20.febrúar 2024 Skálholti, Barðaströnd.